

Reykjavík, 2. desember 2019

Ágæti sérfræðingur



Fræðsluefni vegna ávísunar Methylphenidate STADA

LYFIS veur athygli þína á fræðsluefni fyrir Methylphenidate STADA hörð hylki með breyttan losunarhraða sem aðgengilegt er á heimasíðu LYFIS, [www.lyfis.is/oryggisefni] og í sérlyfjaskrá, [www.serlyfjaskra.is]. Fræðsluefnið var þróað af framleiðendum methylphenidatlyfja til að auðvelda heilbrigðisstarfsfólki að skilja og fara eftir ráðleggingum um notkun methylphenidats. Mælt er með því að efnið sé notað ásamt samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Methylphenidate STADA. Fræðsluefnið er útbúið og því dreift til að uppfylla kröfur lyfjafirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.

Fræðsluefnið samanstendur af;

- ✓ Leiðbeiningum fyrir lækna sem ávísu lyfinu
- ✓ Gátlista 1: Methylphenidat, gátlisti til notkunar áður en lyfi er ávísað
- ✓ Gátlista 2: Methylphenidat, gátlisti fyrir eftirlit með yfirstandandi meðferð
- ✓ Töflu fyrir áframhaldandi eftirlit

Mikilvægt er að læknar kynni sér fræðsluefnið ásamt því að styðjast við upplýsingar sem fram koma í samantekt á eiginleikum lyfsins (SmPC) þegar lyfinu er ávísað, SmPC fyrir lyfið má finna á www.serlyfjaskra.is.


Tilkynning aukaverkana

LYFIS bendir á að tilkynna skal um allar mögulegar aukaverkanir/meintilvik sem grunur er um að tengist lyfinu, sjá leiðbeiningar og eyðublöð á heimasíðu Lyfjastofnunar (www.lyfjastofnun.is/Lyfjagat/tilkynna). Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir á heimasíðu LYFIS, www.lyfis.is.

Viðtakendur þessa fræðsluefnis eru sérfræðingar í barnalækningum, barnageðlækningum, geðlækningum og heimilis- og heilsugæslulækna. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.

Vinsamlega hafið samband við LYFIS í síma 534-3500 eða með tölvupósti á lyfis@lyfis.is ef óskað er eftir útprentuðum eintökum af fræðsluefninu eða frekari upplýsingum um lyfið.

F.h. LYFIS,


Elínborg Kristjánsdóttir
Ábyrgðarhafi lyfjagátar